

## Íbúð til leigu

**Gestgjafar Níels Hafstein og Mafnhildur Sigurðardóttir**

**Sími 4614066**

**WiFi: Safnasafn-guests**

Í safninu sjálfu: museum123

Kæru gestir

Þar sem íbúðin er stærri, og leigð út á mun lægra verði en víðast hvar annars staðar, þá óskum við eftir því að þið sýnið neðangreindum atriðum skilning:

Þið berið ábyrgð á persónulegum eigum og lágmarks heimilisþrifum, svo sem að þvo upp, þurrka bleytu og tína upp rusl af gólfi. Þá er óskað eftir því, öryggis vegna, að heimilstæki séu ekki tengd nema einhver sé í íbúðinni

Þið berið kostnað sem hugsanlega þarf að greiða ef íbúðinni er ekki skilað í viðunandi ástandi, þ.e.a.s. eins og hún var við komu

Ef þið óskið eftir því að bjóða til ykkar dvalargestum til næturgistingar í íbúðinni eftir að þið eruð flutt inn, þá ber samkvæmt lögum að hafa samband við okkur sem tökum ákvörðun í samræmi við birtar opinberar öryggisreglur

Sængurbúnaður og handklæði kosta 4.000 kr. fyrir hvern aukagest, óháð aldri

Morgunmatur er ekki innifalinn í leigunni, reykingar ekki leyfðar, ekki heldur gæludýr því næstu gestir gætu verið með ofnæmi fyrir þeim

Vinsamlegast kynnið ykkur eldvarnir og leið um löglegan flóttaglugga út á þak og þaðan til hægri ofan stiga á svölum og síðan útdreginn stiga niður á pall. Sjá leiðbeiningar á vegg í hjónaherbergi. Við berum enga ábyrgð á slysum sem kunna að hljóta á meðan á dvölinni stendur

Það getur tekið nokkurn tíma að fá heita vatnið í kranana því inntakið er í Þinghúsinu og lögnin undir botnplötu húsanna, er beðist velvirðingar á því

Beinir fyrir net er á suðurvegg (hvít plata), logar á því dauft blátt ljós, vinsamlegast snertið það ekki

Ykkur er ráðlagt að loka öllum gluggum fyrir klukkan 20.00 á kvöldin því lúsmý er á sveimi, það er þó ekki nauðsynlegt ef hvass er eða rigning

Þess er óskað að þið skilið lyklinum ekki síðar en kl. 13.000 á lokadegi

Við óskum óska þér og þínum góðrar dvalar, og endilega látið okkur vita ef eitthvað er ekki í lagi